

Skýrsla formanns stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands til stjórnar Krabbameinsfélags Íslands

Inngangur: Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands var stofnaður 16. desember 2015 af Krabbameinsfélagi Íslands og aðildarfélögum þess auk þess sem inn í sjóðinn runnu Sjóður Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og Minningarsjóður Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnsen. Heildarstofnfé sjóðsins var rúmar 250 milljónir króna.

Tilgangur sjóðsins er samkvæmt stofnskrá að efla íslenskar vísindarannsóknir á krabbameinum, m.a. með því að styrkja með fjárframlögum rannsóknir á orsökum krabbameina, forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklinga. Með hliðsjón af því stofnframlagi sem kemur úr sjóði Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna er sérstaklega tekið fram að sjóðurinn styrki rannsóknir krabbameina í börnum og unglingum og aðhlyningu krabbameinssjúkra barna.

Stjórn: Stjórn Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands skipa sjö einstaklingar tilnefndir til tveggja ára í senn af stjórn Krabbameinsfélags Íslands og fimm til vara. Í stjórn sitja nú Stefán Eiríksson formaður, Sigríður Gunnarsdóttir varaformaður, Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, Hermann Eyjólfsson, Magnús Karl Magnússon, Magnús Pétursson og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir. Varamenn eru Anna Kristín Jónsdóttir, Árni Þór Árnason, Ásgerður Sverrisdóttir, Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir og Sigurður B. Stefánsson.

Fyrsta starfsár sjóðsins: Stjórnin hélt sinn fyrsta fund 23. febrúar 2016, stuttu eftir að skipulagsskrá sjóðsins hafði formlega verið staðfest. Á fyrstu fundi stjórnarinnar voru boðaðir bæði aðal- og varamenn meðan unnið var að starfsreglum sjóðsins, úthlutunarreglum og fjárfestingarstefnu. Starfsreglur stjórnar sjóðsins voru samþykktar á fundi stjórnar 3. maí 2016, fjárfestingarstefna sjóðsins og fyrirkomulag fjárvörslu var samþykkt á fundi stjórnar 8. júní 2016 og úthlutunarreglur sjóðsins á fundi stjórnar 25. janúar 2017. Starfsreglur sjóðsins og úthlutunarreglur eru aðgengilegar á heimasíðu Krabbameinsfélags Íslands en starfsmenn félagsins annast fjárhagslega umsýslu sjóðsins í samræmi við fjárfestingarstefnu hans. Ársreikningur sjóðsins var staðfestur og undirritaður af stjórn sjóðsins á fundi 25. apríl sl.

Umsóknir um styrki úr sjóðnum: Samkvæmt stofnskrá sjóðsins skal stjórn sjóðsins auglýsa eftir umsóknum um styrki í byrjun febrúar ár hvert og annast styrkveitingar úr sjóðnum að fenginni umsögn Vísindaráðs Krabbameinsfélags. Hlutverk Vísindaráðsins er að leggja mat á gæði umsókna, færni rannsakenda o.fl. samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum sjóðsstjórnar. Í samræmi við þetta var í febrúar sl. auglýst í fyrsta sinn eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Alls bárust 23 umsóknir sem níu manna Vísindaráð Krabbameinsfélagsins fór yfir og ritaði umsögn um hverja og eina umsókn. Stjórn Vísindasjóðsins fór í kjölfarið yfir allar umsóknir, umsagnir og tillögur Vísindaráðsins og tók ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum á fundi sínum 25. apríl sl.

Úthlutun styrkja: Samkvæmt stofnskrá sjóðsins hefur sjóðsstjórn árlega til ráðstöfunar tekjur sjóðsins á liðnu starfsári auk þess sem sjóðsstjórn er heimilt að verja allt að 10% af höfuðstól sjóðsins til styrkveitinga. Í ljósi þess að engin úthlutun fór fram á fyrsta formlega starfsári sjóðsins þegar unnið var að úthlutunarreglum, starfsreglum, fjárfestingarstefnu o.fl. hafði stjórnin til ráðstöfunar ríflega 60 milljónir króna, þ.e. það hlutfall höfuðstóls sem laust var til styrkveitinga og tekjur ársins. Að fenginni umsögn

Vísindaráðsins og í kjölfar mats á fyrirliggjandi umsóknum var ákveðið að styrkja þau rannsóknarverkefni sem Vísindaráð mat í hæstu gæðaflokkum í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins.

Á fundi stjórnar 25. apríl sl. var ákveðið að styrkja eftirtalda vísindamenn og rannsóknarverkefni:

Margrét Helga Ögmundsdóttir	Hlutverk sjálfsátsgensins ATG7 í þróun krabbameina.	7.500.000 kr.
Guðrún Valdimarsdóttir	Samspil TGFβ boðleiðarinnar og Thrombospondin-1, áhrif á samskipti æðapels- og brjóstakrabbameinsfruma.	6.300.000 kr.
Erna Magnúsdóttir	Sameindaferlar að baki BLIMP1 og EZH2 miðlaðri lifun í Waldenströmsæxlum.	5.000.000 kr.
Þórarinn Guðjónsson	Hlutverk non-coding RNAs í greinóttri formgerð og bandvefs-umbreytingu þekjuvefjar í eðlilegum og illkynja brjóstkiorti.	4.560.000 kr.
Birna Baldursdóttir	Prófun á gagnvirku ákvörðunartæki sem aðstoðar karlmenn, sem greinst hafa með staðbundið blöðruhálskirtilskrabbamein, við ákvarðanatöku um meðferðarleið.	4.360.000 kr.
Stefán Sigurðsson	Áhrif stökkbreytinga í BRCA2 á vefjasértækni og þróun krabbameina.	4.000.000 kr.
Valtýr Stefánsson Thors	Miðlægir bláæðaleggir hjá börnum með illkynja sjúkdóma. Fyrirbyggjandi aðgerðir og eftirlit með fylgikvillum.	2.814.000 kr.
Inga Reynisdóttir	Hlutverk microRNA á 8p12-p11 í framvindu brjóstakrabbameins.	2.145.000 kr.
Erla Kolbrún Svavarsdóttir	Þróun meðferðarsamræðna við konur með krabbamein og maka og áhrif samræðna á aðlögun tengda kynlífi og nánd.	2.000.000 kr.
Gunnhildur Ásta Traustadóttir	Hlutverk Delta-like 1 homolog (DLK1) í greinóttri formgerð brjóstkiortils og brjóstakrabbameini.	2.000.000 kr.
Aðalgeir Arason	Leit að erfðabreytileikum með fjölgjenaáhrif á myndun brjóstakrabbameins.	1.940.000 kr.
		42.619.000 kr.

Niðurstaða stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins var að úthluta ríflega 42 milljónum króna til ellefu rannsóknarverkefna. Um er að ræða fjölbreytt verkefni, sem falla vel að tilgangi sjóðsins og þar á meðal er rannsókn sem sérstaklega skal horft til vegna þess stofnframlags sem kom úr sjóði Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna. Formleg afhending styrkja verður í tengslum við aðalfund Krabbameinsfélags Íslands 6. maí nk. og verður þá greint opinberlega frá niðurstöðum þessarar fyrstu úthlutunar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands.

Niðurlag: Stofnun Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands er að mati undirritaðs merk tímamót í sögu Krabbameinsfélags Íslands og aðildarféлага þess og skýtur án efa styrkari stöðum undir íslenskar rannsóknir á þessu fræðasviði. Umsóknir um styrki úr sjóðnum voru í háum gæðaflokki og því má binda vonir við að niðurstöður þeirra skili árangri í baráttunni gegn krabbameinum með einum eða öðrum hætti. Stjórn sjóðsins mun á næstu mánuðum huga að því hvernig unnt er að efla sjóðinn enn frekar og undirbúa sömuleiðis næstu úthlutun. Fyrirsjáanlegt er, miðað við þessa fyrstu úthlutun, að stjórnin mun hafa svigrúm til þess að halda áfram þeim rannsóknarverkefnum sem nú hafa verið sett í gang og þurfa lengri tíma en eitt ár, og um leið styrkja ný verkefni og rannsóknir í samræmi við tilgang og markmið sjóðsins.

Fyrir hönd sjóðsstjórnar vil ég að síðustu þakka Krabbameinsfélagi Íslands fyrir alla veitta aðstoð við starfsemi sjóðsins á þessu fyrsta starfsári hans. Munar þar mestu um framlag Jónasar Ragnarssonar sem hefur af nákvæmni, alúð og fagmennsku haldið utan um starfsemi sjóðsins og þannig tryggt þá góðu niðurstöðu sem nú liggur fyrir. Jafnframt er hér með komið á framfæri þökkum til Vísindaráðs Krabbameinsfélags Íslands, sem skipað er nú öflugum vísindamönnum undir forystu Þórunnar Rafnar, sem lagt hafa á sig mikla vinnu við umfjöllun og mat á fyrirliggjandi umsóknum. Félögum mínum í sjóðsstjórninni þakka ég að lokum gott og gefandi samstarf.

Reykjavík, 26. apríl 2017

Stefán Eiríksson, formaður stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands.